

Ed.

304. Frumvarp til laga

[97. mál]

um brunavarnir og brunamál.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. febr.)

Samhljóða þskj. 121 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Brunamálastofnun ríkisins fer með daglegan rekstur brunamála.

Ráðherra skipar fimm manna stjórn brunamálastofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Hann skipar án tilnefningar formann hennar, einn mann eftir tilnefningu Sambands íslenzkra sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar og tvo menn eftir tilnefningu Sambands íslenzkra tryggingarfélaga. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar, brunamálastjóra til að veita brunamálastofnuninni forstöðu, og skal hann vera verkfræðingur með sérþekkingu á brunamálum. Brunamálastjóri er jafnframt ráðunautur ríkisstjórnarinnar um allt, sem að brunamálum lýtur.

Brunamálastjóri ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar í samráði við ráðuneytið, og taka þeir laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

11. gr. hljóðar svo:

Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna, samkvæmt ákvæðum í e-lið 31. gr. laga um almannatryggingar, nr. 40/1963. Þeir, sem verða fyrir beinu tjóni við störf í þágu brunavarna, eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði, enda verði tjónið ekki bætt af vátryggingarfélagi. Náist ekki samkomulag, skal tjónið metið af dómkvöddum mönnum.

19. gr. hljóðar svo:

Í hverju sveitarfélagi skal sveitarstjórn, að fengnum tillögum brunamálanefndar, skipa mann eða menn til að annast sötun og eftirlit með eldfærum.

Um framkvæmd starfsins og gjald fyrir það skal ákveðið í reglugerð.

Félagsmálaráðuneytið skal, að fengnum tillögum brunamálastjóra, veita mönnum réttindi til að setja upp kynditæki og gera við þau.

Einungis þau kynditæki má selja og setja upp, sem viðurkennda hafa verið af brunamálastofnuninni.

24. gr. hljóðar svo:

Í reglugerð skal kveða á um meðferð, flutning og varðveislu sprengiefnis. Einnig skal ráðherra setja reglugerð um meðferð og sölu skotelda.

Hver sá, sem flytur inn púður eða sprengiefni, skal hafa til þess leyfi lögreglustjóra. Ef sprengiefni þykir sérstaklega hættulegt í meðförum, má banna innflutning þess.